

Á miðri haustönn 2012

Ágætu foreldrar og forráðamenn,

Það fréttabréf sem hér birtist er ætlað aðstandendum nýnema við Borgarholtsskóla. Tilgangurinn er að upplýsa þá um skólann, þjónustuna sem hann veitir og þær kröfur sem gerðar eru til nemenda. Það eru mikil umskipti að hefja nám í framhaldsskóla, sérstaklega í áfangaskóla. Gerðar eru strangar náms- og mætingakröfur. Slíkt er ekki gert til að vekja ugg heldur til að veita nemendum aðhald svo að þeir fái tækifæri til að temja sér öguð vinnubrögð og geti einbeitt sér að náminu.



Borgarholtsskóli við Mosaveg á björtum degi.

Foreldrar hafa stóru hlutverki að gegna í námsframvindu barna sinna. Sumarið er liðið og önnin hálfnuð, rétt tveir mánuðir til lokaprófa og því ástæða fyrir foreldra að hvetja börnin til dáða. Gefið unglingunum gaum í stóru og smáu – og spyrjið hvernig gengur í skólanum. Á heimasíðu Borgarholtsskóla, www.bhs.is, eru margar gagnlegar upplýsingar. Þar er tengill inn á Innu, kerfi sem geymir allar upplýsingar um nemendur, m.a. einkunnir og skólasókn. Foreldrar geta nálgast aðgangsorð að Innu (sjá kafla um Innu hér á eftir) og nemendur geta einnig upplýst þá um aðgangsorð. Nemendum er kennt samkvæmt námsáætlunum í öllum áföngum. Finna má námsáætlanir með leitarvél á heimasíðunni og inni í áföngum á námsþinginu (Moodle). Sömu aðgangsorð gilda að námsþingi og Innu en sérstakan skráningarlykil, sem nemendur hafa, þarf til að lesa áfanga í Moodle.

Starfsmenn Borgarholtsskóla eru um 130 talsins. Við skólann starfa reyndir og vel menntaðir kennarar á fjölmörgum sviðum. Öflugt teymi námsráðgjafa, forvarnafulltrúa og annarra stuðningsfulltrúa greiðir nemendum leið í námi. Við skólann er öflugt umsjónarkerfi. Allir nemendur hafa umsjónarkennara sem jafnframt er tengiliður foreldra við skólann.

Mat á námsárangri nemenda þessa haustönn, s.k. miðannarmat, hefur verið tekið saman og er birt á Innu, www.inna.is. Þá er nauðsynlegt að hafa aðgangsorðin að Innu klár.

Borgarholtsskóli ber fyrir brjósti almenna velferð nemenda, bæði andlega og líkamlega. Skólinn er meðal svokallaðra heilsueflandi skóla. Skólahúsnæðið er bjart og hreint og í mötuneyti skólans er heilsusamlegt fæði í fyrirrúmi. Öll notkun tóbaks og annarra vímuefna er skv. lögum bönnuð í skólanum og á lóð hans. Nemendur ganga ekki á útiskóm í skólanum. Um þessi atriði hefur náðst almenn og góð samstaða.

Í lokin vil ég biðja foreldra og forráðamenn um að leggjast á árar með okkur og hvetja nemendur til að huga að námsástundun, reglusemi og góðum lífsháttum. Þá munu stórir draumar unga fólksins okkar rætast.

Ingi Bogi Bogason, aðstoðarskólameistari

INNA er skráningarkerfi skólans



*Tengillinn **Inna fyrir nemendur** er á heimasíðu skólans. Þar má tengjast Innu og skoða ýmis atriði sem snerta skólagöngu nemans.*

á slóðinni www.inna.is í fyrsta glugganum sem birtist er smeltt á tengilinn [Sækja lykilorð](#). Þá kemur upp nýr gluggi og foreldrar slá inn kennitölu sína í viðeigandi reit, velja viðeigandi skóla úr felliglugganum og smella á [Áfram](#). Þá fá þeir sent aðgangsorð að Innu á það netfang sem gefið var upp þegar sótt var um skólann. Síðan slær foreldri/forráðamaður inn í Innu kennitölu sína og aðgangsorðið sem sent var á netfangið og getur þá skoðað upplýsingarnar um unglínginn sinn. Ef aðgangsorð berst ekki gæti skýringin verið sú að netfang foreldra var ekki rétt skráð þegar sótt var um skólavist eða að það hafi verið sent á netfang sem hætt er að nota. Netfangi má breyta með því að senda póst á bhs@bhs.is.

Hægt er að skoða **kennslumyndband** um notkun á Innu með því að smella hér: <http://www.bhs.is/skolinn/frettir/nr/1545>. Við hvetjum foreldra eindregið til að fylgjast með mætingu og námsframvindu á Innu. – Rétt er að geta þess að próftafla annarinnar birtist líka í Innu.

Miðannarmat

Kennarar í öllum námsgreinum ljúka skráningu miðannarmats í Innu þann **10. október** og geta foreldrar / forráðamenn skoðað það þar. Einnig er hægt að hringja á skrifstofuna og fá matið sent heim. Nemendur á almennum námsbrautum fá ekki miðannarmat en þeir taka sérstök tarnarpróf og fá niðurstöðu úr þeim skráða inn á Innuna. Eins fá nemendur í bíliðnum ekki miðannarmat í þeim áföngum sem kenndir eru í lotum.

Einkunn:	Merkling:	Umsögn:
A	Afar góð ástundun	Ef nemandinn heldur svona áfram getur hann náð mjög góðum árangri í áfanganum.
G	Góð ástundun	Ef nemandinn heldur svona áfram getur hann náð nokkuð góðum árangri í áfanganum en gæti gert betur.
V	Vart viðunandi ástundun	Nemandinn þarf að bæta sig til þess að ná viðunandi árangri í áfanganum.
O	Óviðunandi ástundun	Nemandinn þarf að bæta sig verulega til þess að eiga möguleika á að ná áfanganum.

Miðannarmatið er óhefðbundið námsmat til hvatningar og leiðbeiningar á miðri önn. Umsögnin er gefin í bókstöfunum A, G, V og O.

Markmiðið með miðannarmatinu er að gefa nemendum, foreldrum og kennurum upplýsingar um stöðuna á miðri önn. Matið byggir á frammistöðu nemandans á u.þ.b. sjö fyrstu vikum annarinnar og er **hvorki hefðbundin né endanleg einkunn** heldur mat á **ástundun**, t.d. virkni í tímum, heimavinnu, verkefnaskilum, einkunnum í skyndiprófum og mætingu. Mikilvægt er að nemendur nýti sér matið til hvatningar og leiðbeiningar.

SMS-skilaboð

Nemendur fá SMS-skilaboð ásamt tölvupósti þegar forföll kennara eru skráð í Innu. Foreldrar ólöggraða nemenda fá tölvupóst eins og hingað til. Mikilvægt er því að rétt símanúmer og rétt netföng séu skráð í Innu. Nemendur eiga að geta breytt þessum upplýsingum ef þörf er á.

Mætingar og áminning

Í Innu eru upplýsingar um viðveru nemandans. Þar er gerð grein fyrir mætingu bæði í prósentum og tímafjölda. Í prósentutölunum í tveimur öftustu dálkunum má annars vegar sjá viðveruna sem hlutfall af þeim tímum sem þegar hafa verið kenndir (raunmæting) og hins vegar sem hlutfall af heildartímafjölda á önninni að teknu tilliti til veikinda og leyfa. Seinni prósentutalan stendur því í stað ef ekki bætast við fleiri fjarvistastig, en lækkar ella.

Forráðamenn nemenda yngri en 18 ára fá senda skriflega áminningu þegar fjarvistir í einum áfanga eru orðnar 10% af heildartímafjölda í faginu. Þá þarf nemandinn að gæta þess að heildarmæting í áfangann fari ekki niður fyrir 85% en gerist það er nemandinn tekinn af lista í áfanganum. Aðeins er send þessi eina áminning og segir hún þá til um það að nemandinn þurfi að gæta að mætingu sinni í alla áfanga það sem eftir er annarinnar. Slök mæting getur leitt til brottvísunar úr skóla. Ekki má gleyma því að þeir sem hafa að lágmarki 95% raunmætingu fá eina einingu fyrir mætingu.

Veikindi og fjarvistaskráning

Tilkynna þarf um veikindi nemenda milli kl. 8 og 10 í **síma 535 1717** þá daga sem veikindin standa yfir. Forráðamenn nemenda yngri en 18 ára þurfa að sjá um það. Ekki eru skráð veikindi ef tilkynnt er um þau eftir kl. 10 að morgni eða síðar. Ekki er krafist læknisvottorða nema um síndurtekin veikindi sé að ræða. Veikindi á prófatíma þarf að tilkynna samdægurs og auk þess skila læknisvottorði innan þriggja daga.

Mætingastjóri, Anton Már Gylfason, hefur umsjón með mætingamálum og hafa má samband við hann ef eitthvað bregður út af í mætingu eða viðveruskráningu nemanda. Síminn er 535 1700 og netfangið: anton@bhs.is Viðtalstímar eru auglýstir á heimasíðu skólans, undir tenglinum *Um skólann*, og þar undir *Starfsmenn*.

Val áfanga fyrir haustönn 2012

Opið er fyrir skráningu í áfanga á næstu önn frá 10.-17. október. Þá skrá nemendur í Innu þá áfanga sem þeir hyggjast taka á næstu önn. Umsjónarkennarar aðstoða þá við valið. Nemendur geta gert breytingar þegar niðurstöður prófa liggja fyrir og staðfesta svo val sitt með undirritun valblaðs á prófsýningardegi þann 19. desember og gildir valblaðið þá sem umsókn um skólavist á næstu önn. Við bendum foreldrum á að þeir geta skoðað val unglingsins síns í Innu, borið það saman við brautarlýsingu þeirrar námsbrautar sem hann er á og finna má á heimasíðu skólans og þannig séð hvernig miðar í náminu. **Við minnum á viðtalstíma kennara og tölvupóst og hvetjum ykkur til að hafa samband ef þörf er á. Síminn er 535 1700 og netföng eru á heimasíðu skólans.**

Áríðandi er að nemendur skipuleggi námið vel í samvinnu við umsjónarkennara sinn, kennara og / eða foreldra og nýti tímann sem eftir er af önninni sem best. Boðið er upp á stoðtíma í einstökum fögum fyrir nemendur sem þarfnast meiri aðstoðar. Námsráðgjafar eru jafnframt til staðar og bjóða upp á námskeið sem tengjast prófkvíða, prófaundirbúningi o.fl.

Frá foreldraráði

Í Borgarholtsskóla starfar foreldraráð. Aðild eiga foreldrar/forráðamenn nemenda skólans og að auki einn fulltrúi skólans. Fundir eru haldnir fyrsta miðvikudag í mánuði, í stofu 308 kl. 18-19. Aðalfundur var haldinn þann 3. október og ný stjórn mynduð. Fundargerðir foreldraráðs eru á heimasíðu skólans undir tenglinum Félög og þar geta foreldrar fylgst með störfum ráðsins. Foreldrar eru hvattir til að sækja fundi og taka þátt. Netfang foreldraráðs verður fljótlega sett á heimasíðuna.

Frá bókasafni



Það sem af er hausti hefur safnið verið vel sótt af nemendum. Við höfum farið inn í kennslustundir allra hópa í lífsleikni og kynnt starfsemi safnsins. Nemendurnir hafa svo komið á safnið, leyst verkefni í Gegni og fundið bækur í hillum. *Gegnir.is* er bókasafnskerfi sem hýsir samskrá íslenskra bókasafna. Hægt er að sjá hvað er til á söfnum landsins og hvað er í láni eða í hillu. Þessar kynningar brjóta ísinn fyrir marga og nemendur eru duglegri að koma á safnið eftir þær.

Stórir hópar hafa verið hér á safninu að vinna að verkefnum m.a. í sagnfræði og í lista- og menningaráföngum. Það hefur því oft verið ansi lífllegt á safninu.



Bókasafnið er opið frá kl. 8:00 á morgnana til 16:00, mánudaga til fimmtudaga, en lokar kl. 15:00 á föstudögum. Heimasíða bókasafns er bhs.is/bokasafn. Þar má meðal annars finna gagnlegar upplýsingar um safnið, gagnasöfn og rafræn tímarit og hvernig best er að bera sig að við upplýsingaleit, ritgerðasmíð og heimildanotkun.

Við erum með á safninu bækur og tímarit, tónlist, fræðslumyndir og kvikmyndir. Í skólanum hafa nemendur einnig aðgang að veforðabókunum *Snara.is*. Reglulega stillum við út áhugaverðu efni og vekjum athygli á fjölbreyttum safnkosti á þann hátt.

Við reynum því að hafa safnið lifandi upplýsingamiðstöð sem styður við nemendur og starfsmenn bæði í leik og starfi. Í „böglu“ herberginu á að vera gott næði til að einbeita sér að lærdómnum. Einnig er hægt að vinna við hópvinuborð, gera skólaverkefni í tölvum safnsins eða nýta sér lesbása við glugga með glæsilegu útsýni. Foreldrar, hvetjið börnin ykkar til að nýta tímann í skólanum vel þegar göt eru í stundaskrá og læra á safninu.

Ása og Bára, bókasafnsfræðingar BHS.

Náms- og starfsráðgjöf

Markmið ráðgjafarinnar er að veita nemendum þjónustu í málum sem tengjast námi þeirra, náms- og starfsvali og persónulegum högum. Þá veita náms- og starfsráðgjafar foreldrum, kennurum og öðru samstarfsfólki ráðgjöf í málum einstakra nemenda. Náms- og starfsráðgjafi er bundinn trúnaði við skjólstæðinga sína. Innan skólans er hann trúnaðarmaður og málsvari nemenda.



Samstarf við náms- og starfsráðgjafa eflir námsmenn.

Hvers vegna að leita til náms- og starfsráðgjafa?

Marga vantar aðstoð við ýmis hagnýt atriði sem lúta að náminu. Nemendur geta t.d. fengið ráðgjöf við að skipuleggja nám sitt og stuðning til að geta stundað það. Mál sem náms- og starfsráðgjafar vinna með eru fjölbreytt og eru helstu málaflokkar eftirfarandi:

- Ráðgjöf í námi, s.s. skipulagning tíma, áætlanagerð og námstækni.
- Ráðgjöf við náms- og starfsval, s.s. miðlun upplýsinga um möguleika og framboð á námi og störfum.
- Ráðgjöf og stuðningur vegna persónulegra mála, s.s. vegna tímabundinna erfiðleika og/eða áfalla.

Námskeið á næstunni:

Vinnubrögð/Námstækni

- Námstækninámskeið hefst miðvikudaginn 10. október kl. 12:40-13:20 og verður tvo næstu miðvikudaga á eftir (17. og 24. október). Námskeiðið er haldið í stofu 309. Skráning á agusta@bhs.is
- Prófkviðanámskeið (undirbúningur fyrir próf) hefst fimmtudaginn 25. október kl. 12:40-13:20 og verður tvo næstu fimmtudaga á eftir (1. og 8. nóvember). Námskeiðið er haldið í stofu 309. Skráning á agusta@bhs.is

Dyslexíuráðgjöf

Í samskiptum við lesblinda nemendur hefur Borgarholtsskóli eftirfarandi tilvitnun úr aðalnámskrá að leiðarljósi: „Í framhaldsskólum skal einskis látið ófreistað til að koma til móts við nemendur sem eiga við lestrarörðugleika af einhverju tagi að stríða“. Það er stefna Borgarholtsskóla að kennarar og annað starfsfólk sýni lesblindum nemendum skilning, tillitssemi og veiti þeim eins og aðstæður leyfa persónulegan og námslegan stuðning.

Dyslexíuráðgjafi

Í Borgarholtsskóla starfar dyslexíuráðgjafi. Hlutverk hans er m.a. að:

- veita lesblindum nemendum persónulegan og námslegan stuðning
- kanna lestrarhæfni nemenda með einstaklingsprófi
- veita nemendum fræðslu og þjálfun í námstækni sem auðveldar þeim námið
- vinna í samvinnu við kennara að hagsmunamálum nemenda með dyslexíu
- nemendur fá upplýsingar og þjálfun í stuðningstækni s.s. yfirlestrarforritum, hljóðdiskum og talgervlum

Upplýsingar um viðtalstíma dyslexíuráðgjafa má finna á auglýsingaskjáum og heimasíðu skólans en einnig panta margir viðtal í netpósti (eirikur@bhs.is)

Dyslexíupróf

Á báðum önnum gefst nemendum sem ekki hafa fengið greiningu á lestrarvanda sínum kostur á að þreyta próf sem metur lestrar- og stafsetningarfærni þeirra. Niðurstöður prófsins gefa vísbendingu um hvort um dyslexíu er að ræða.

Lífsleikni á haustönn 2012

Nú á haustönn eru kenndar fjórar stundir í lífsleikni á viku og gildir áfanginn tvær einingar. Á vorönn verða tvær kennslustundur á viku og gefa þær þá eina einingu. Þetta fyrirkomulag var tekið upp í fyrra en áður hafði lífsleiknin verið kennd í sex stundir á viku á haustönn og á vorönn hittu nemendur umsjónarkennara sinn aðeins einu sinni í viku, í umsjónartíma. Borgarholtsskóli er áfangaskóli og í gegnum tíðina hefur verið haldið mjög vel utan um nýnema á fyrstu önn og þótti kennurum betra að geta veitt gott aðhald einnig á vorönninni. Einnig kom fram í viðtölum við nýnema að þeir óskuðu þess sama. Er það mál kennara sem hafa prófað bæði formin að þetta komi miklu betur út.

Við ákváðum að brydda upp á þeirri nýbreytni í kennslunni á vorönn að lífsleiknikennarar ferðist á milli hópa með verkefni og fyrirlestra. Þá eru kennarar ekki alltaf með sömu nemendur heldur fóru þeir í marga hópa og var það mikil tilbreyting bæði fyrir nemendur og kennara.

Í lífsleiknitímum er ýmislegt gert. Má þar nefna ferðalag til að hrista hópinn saman, sjálfsmyndarverkefni, umferðarfræðslu, heilbrigðisfræðslu og fjármálafræðslu. Síðan má nefna nemendafyrirlestra en þá undirbúum við og þjálfum nemendur í því að koma fram fyrir framan hóp. Síðast en ekki síst má nefna heimsóknir sem við fáum frá t.d. bókasafninu, sérnámsbraut, skiptinemasamtökum og fleiri aðilum.

Í umsjónartímum förum við m.a. yfir hagnýt atriði varðandi skólastarfið, tökum viðtöl við nemendur, aðstoðum þá við val fyrir næstu annir o.fl.

Sigurður Þórir Þorsteinsson, fagstjóri í lífsleikni

Frá formanni nemendafélagsins

Veturinn hefur hingað til gengið afar vel, busunin sjálf fór vel fram og Busaballið gekk vonum framar og t.d. var enginn nýnemi sendur heim vegna ölvunar sem er hreint til fyrirmyndar. Ölvun á skólaböllum er bönnuð, jafnvel þó svo að ballgestir hafi náð 20 ára aldri. Nú þegar er byrjað að skipuleggja næsta ball sem verður haldið fyrri partinn í nóvember.

FRÉTTABRÉF BORGARHOLTSSKÓLA OKTÓBER 2012

Dagskráin verður eins fjölbreytileg og hægt er til að ná til sem flestra hópa. Spennandi tímar eru framundan en í samstarfi við Gufunesbæ verða haldin 2-3 kvöld þar sem meðal annars verður haldið Fifamót og Spilakvöld. Einnig er pókerfót handan við hornið en það hefur alltaf verið afar vel sótt.

Æfingaræðukeppni gegn MH fyrir MoRFís (Mælsku og rökræðukeppni framhaldsskóla Íslands) verður haldin þriðjudaginn 16. október og vonumst við eftir að sem flestir komi að sýna ræðuliðinu okkar stuðning. Skólinn keppir svo gegn Kvennó í 32. liða úrslitum MoRFís í lok nóvember.

Í lok september voru nemendaskírteini gefin út nemendum að kostnaðarlausu en út á það er hægt að fá afslátt á hinum ýmsu stöðum. Skemmtilegir tímar eru framundan og félagslífið mikill þáttur af menntaskólaárunum og vonum við að sem flestir taki þátt en alltaf er skemmtilegra að taka þátt heldur en ekki.

Komandi atburðir verða svo auglýstir á heimasíðu okkar www.borgari.is og www.facebook.com/nfbhs. Við hvetjum alla til að fylgjast með og hlökkum til komandi vetrar.

F.h. stjórnar Nemendafélags Borgarholtsskóla
Gísli Freyr J. Guðbjörnsson, formaður.

